



Garðabær
Garðatorgi 7
210Garðabæ

Garðabær, 13. ágúst 2025
202507-0183/S.V.
10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda í Vífilsstaðahrauni

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Garðabær, dagsetta 30.7.2025, um leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Vífilsstaðahrauns síðsumars 2025.

Garðahraun efra, Garðahraun neðra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar voru friðlýst sem fólkvangur í apríl 2014. Friðlýsingin var endurskoðuð og fólkvangurinn stækkaður sbr. [auglýsingu nr. 1060/2021](#). Markmið með friðlýsingu fólkvangsins er m.a. að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í þéttbýli. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarðminjar, votlendi og gróðurfar í fólkvanginum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Garðabæjar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki, nr. 160/2010 og Náttúruverndarstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fjórum votlendispöllum/-brúm sem ætlað er að brúa dældir í Vífilsstaðahrauni á útivistarstígnum Seltúni. Framkvæmdirnar eru í samræmi við deiliskipulag fyrir Vífilsstaðahraun, Maríuhella og Vatnsmýri frá 2023 og fylgdi verkáætlun með umsókn ásamt teikningum á hönnun. Áætlað er að verkið muni taka um þrjár vikur og að það verði unnið síðari hluta ágústmánaðar þegar varptíma er lokið og fram í september 2025

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á jarðminjar, votlendi og ásynd svæðisins sé vandað til verka við frágang. Framkvæmd gæti haft neikvæð áhrif á gesti svæðisins á framkvæmdartíma en til lengri tíma er framkvæmdinni ætlað að bæta aðgengi þeirra að fólkvanginum. Náttúruverndarstofnun metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinar sé farið að skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmda innan Vífilstaðahrauns sem er hluti af fólkvanginum Garðahraun efra, Garðahraun neðra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar sbr. lýsingu hér að ofan síðsumars/haustið 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Leyfi til framkvæmda

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til svæðissérfræðings Náttúruverndarstofnunar á Suðvesturlandi hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Óhindrað vatnsflæði skal tryggt undir göngupallana.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Mannvirkin skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt/afmáð.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Hákon Ásgeirsson
sviðstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur